

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 11. nóvember 2002 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 17⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Héraðsnefnd A-Hún

- *Fundarboð Héraðsnefndar:*

Fyrir fundinum lá fundarboð á héraðsnefndarfund miðvikudaginn 13. nóvember nk. í Húnaveri. Fundarboðið var til kynningar.

- *Breyting á fjárhagsáætlun 2002*

Með fundarboði var kynnt tillaga að breytingum á fjárhagsáætlun 2002 um 4.500 þús. Hækkunin var sundurliðuð í þrjá liði:

Heimsókn forseta Íslands	kr. 2.000.000
Heilbrigðisstofnunin á Blönduósi v/íbúðarhúsnæði	kr. 1.500.000
Launakostnaður Tónlistarskóla	kr. 1.000.000

Umræður urðu um breytinguna en ekki gerðar tillögur eða athugasemdir vegna málsins.

- *Fjárhagsáætlun 2003*

Fjárhagsáætlunin var meðfylgjandi fundarboði og var tekin, til umfjöllunar á fundinum. Helstu niðurstöðutölur áætlunar voru:

Framlög sveitarfélaga	kr. 61.494.000
Rekstur málaflokka	kr. 54.759.000
Fjármagnsliðir	kr. 1.350.000
Fjárfestingar (Bogabraut 9)	kr. 1.000.000
Afborganir lána	<u>kr. 3.606.000</u>
Hækkun á handbæru fé	kr. 779.000

Fjárhagsáætlunin var rædd og fjallað um bæði heildarkostnað og einstaka liði áætlunarinnar. Ekki voru gerðar athugasemdir við áætlunina og ákveðið að taka umræðu um hana á héraðsnefndarfundinum.

2. Bréf:

- a) *Iðnþróunarfélags Norðurlands vestra, dags. 26. október 2002.*

Í bréfinu er kynnt álagning árgjalda Iðnþróunarfélagsins fyrir árið 2002.

Samkvæmt samantekt sem fylgdi bréfinu greiða sveitarfélög á Norðurlandi vestra 8.244.185 kr til INVEST og þar af greiðir Höfðahreppur 656.497 kr.

Ekki voru gerðar athugasemdir við fyrrgreinda álagningu.

b) *Skipulagsstofnunar, dags. 28. október 2002.*

Með bréfinu er vakin athygli sveitarstjórna á ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. um gerð aðalskipulags. Einnig er minnt á að sveitarfélögum ber að hafa gengið frá aðalskipulagi fyrir allt land innan sveitarfélagsins fyrir 2008. Þá er í bréfinu greint frá að Skipulagssjóður styrki gerð aðalskipulags um allt að 3 milljónir króna.

Fram kom að þótt til sé samþykkt aðalskipulag fyrir þéttbýlið á Skagaströnd sé skv. lögunum skylt að skipuleggja allt sveitarfélagið. Umræður urðu um skipulagsmál og ákveðið að fresta aðgerðum til vors 2003. Þá verði tekin afstaða til á hvern hátt verði tekið á aðalskipulagsmálum.

c) *Forseta Íslands, dags. 22. október 2002.*

Í bréfinu þakkar forseti fyrir þátt sveitarstjórnar í undirbúningi og framkvæmd heimsóknar hans 15.- 16. október sl.

Bréfið var til kynningar.

d) *Kaupfélags Húnvetninga, dags. 16. október 2002.*

Í bréfinu ítrekar kaupfélagsstjóri óskir sínar um viðræður við hreppsnefnd um sölu eða niðurrif á húsi félagsins við Einbúastíg. Samþykkt að oddviti og sveitarstjóri taki upp viðræður við kaupfélagsstjóra um framtíð eignarinnar.

e) *Náttúruverndar ríkisins, dags. 10. október 2002.*

Með bréfinu er vakin athygli á 44. gr. laga um náttúruvernd. Í greininni er fjallað um skyldur sveitarstjórna varðandi eignir í hirðuleysi, eyðijarðir og úrbætur. Þá er minnt á bráðabirgðarákvæði sömu laga sem skylda sveitarstjórnir til að hafa lokið úttekt á ástandi skv. 44 gr. eigi síðar en 2002 og skila Náttúruvernd ríkisins skriflegri greinargerð. Bréfið var til kynningar og ekki gerðar ályktanir um málið.

3. Fundargerðir

a) *Æskulýðs- og íþróttanefndar, 22. október 2002.*

Miklar umræður urðu um félagsstarf barna og unglinga. Sveitarstjóra var falið að ræða við fulltrúa skólans um félagsstarf og vinna minnisblað um málið.

Fundargerðin var samþykkt.

b) *Héraðsráðs (192/4), 8. október 2002.*

Fundargerðin var til kynningar.

c) *Héraðsráðs (193/5), 4. nóvember 2002.*

Fundargerðin var til kynningar.

d) *Skólanefndar Tónlistarskóla A-Hún, 2. september 2002.*

Fundargerðin var til kynningar.

e) Skólanefndar Tónlistarskóla A-Hún, 24. september 2002.
Fundargerðin var til kynningar.

f) Heilbrigðisnefndar Nl. v. 24. október 2002.
Fundargerðin var til kynningar.

4. Önnur mál

- a) Bréf Heilbrigðis- og tryggingaráðherra, dags. 1. nóvember 2002.
Í bréfinu er tilkynnt um að ráðherra hafi samþykkt að veita 700 þús króna fjárveitingu til að gera frumáætlun fyrir nýja heilsugæslustöð á Skagaströnd. Um er að ræða 85% framlag á móti 15% framlagi sveitarfélagsins.
Bréfið var til kynningar.
- b) Bréf útgáfunnar “Á ferð um Ísland” þar sem boðið er að auglýsa í ritinu. Ákveðið að kanna hvort ferðaþjónustuaðilar ætli að auglýsa í ritinu.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl.18⁵⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)